

ÁRSSKÝRSLA 2018



ÁRSSKÝRSLA 2018

EFNISYFIRLIT

ÁVARP REKTORS	4
STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR SKÓLANS	6
HÁSKÓLASKRIFSTOFA	7
NEMENDUR	12
STARFSFÓLK	13
FJÁRMÁL	14

Sú breyting er gerð á útgáfu ársskýrslunnar fyrir starfsárið 2017 að starfsemi deildanna verður gerð sérstök skil haustið 2018 í sérútgáfu. Þar verður skólaárið 2017–2018 gert upp.

Flestar ljósmyndir í skýrslunni eru eftir Hrefnu Björgu Gylfadóttur og Leif Wilberg Orrason.

ÁVARP REKTORS

I. Húsnæðismál lituðu mjög starfsárið 2017 í Listaháskóla Íslands. Lengi hafði verið búist við því að einhverjum hluta húsnæðis skólans í Sölvhólgötu yrði lokað af heilbrigðisástæðum. Eftir að skýrsla verkfræðistofunnar Eflu var lögð fram um heilsuspillandi ástand efstu hæða hússins, þar sem tónlistardeild LHÍ var með aðstöðu sína, var þeim loks lokað af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar.

Auk þess að að setja nám og starf í byggingunni í uppnám hlaut málið umtalsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Stjórnendur Listaháskólans, aðrir starfsmenn hans og nemendur stóðu enda saman í baráttu um að nota þessi tímamót til ná fram umræðu um hvortveggja; bráðavandann í Sölvhólgötunni og framtíðarlausnir í húsnæðismálum skólans sem heildar. Þeirri baráttu lyktaði með því að þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, setti saman nefnd til að leita lausna á þessum tvíþætta vanda. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar ráðuneytisins, Ríkiseigna, Framkvæmdasýslu ríkisins og LHÍ. Nefndin hóf störf undir lok vorannar. Afrakstur nefndarstarfsins og samtalsins við menntamálaráðuneytið var annars vegar sá að hafist var handa við að færa tónlistardeild skólans í leiguhúsnæði í Skipholti 31 þar sem deildin hóf nýtt skólaár sl. haust. Hins vegar hóf nefndin vinnu við þarfagreiningu og frumathugun vegna uppbyggingar framtíðarhúsnæðis LHÍ.

Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að losa húsnæðið í Sölvhólgötu í áföngum og flutningur tónlistardeildar markaði fyrsta áfangann. Starfsemi sviðslistadeildar í Sölvhólgötu var áfram óbreytt, en hafist handa við að afla fjármagns til að færa starfsemi hennar í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi í síðari tveimur áföngunum. Þeirri vinnu var haldið áfram á haustönninni, þótt óvissa um framvindu allra þessara mála hafi skapast í kringum óvæntar þingkosningar í október sl.

II. Líkt og í kosningunum árið 2016, settu stjórnendur Listaháskólans húsnæðismálin á oddinn í aðdraganda kosninganna 2017. Að þessu sinni var aðkoma starfsmanna og nemenda sá þáttur sem mest var unnið með til að koma nauðsyn þess að leysa húsnæðisvanda skólans til skila. Heimsóttu þessir hópar kosningaskrifstofur allra flokka til að gera stjórnámálumönnum grein fyrir alvarleika málsins og þeirri bágu aðstöðu sem fræðasvið lista býr við í íslensku háskólaumhverfi. Í kjölfar kosninganna sýndi ný ríkisstjórn vilja sinn til að leysa langvarandi húsnæðisvanda LHÍ með skýrum hætti í stjórnarsáttmála sínum þar sem segir: „Unnið verður að lausn á húsnæðismálum Listaháskóla Íslands á kjörtímabilinu.“

III. Fjármögnun háskólastigsins hefur verið stöðugur fasti í umræðum um háskólasamfélagið undanfarin ár, enda hafa háskólar landsins verið undirfjármagnaðir um árabíl. Rekstrarumhverfi Listaháskóla Íslands hefur verið erfitt af þeim sökum líkt og annarra háskólastofnanna. Stjórnendur LHÍ fagna því þeirri ákvörðun sem fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar þeirrar sem tók við síðla sl. ár um að: „Ísland nái meðaltali OECD-ríkjanna er varðar fjármögnun háskólastigsins fyrir árið 2020 og Norðurlanda árið 2025 í samræmi við áætlanir Vísinda- og tækniráðs sem mun skipta sköpum fyrir bæði kennslu og rannsóknir í íslenskum háskólum.“

Þótt tímaramminn þar til Ísland nær meðaltali Norðurlanda sé nokkuð langur, er eigi að síður mikilvægt fyrir háskólasamfélagið allt að hafa þessa skýru stefnu sem viðmið við rekstaráætlanir og stefnumótun næstu ára.

IV. Stöðugt hefur verið unnið að því að styrkja rannsóknarinnviði Listaháskólans undanfarin ár og síðasta ár var engin undantekning hvað það varðar. Rannsóknarnefnd úthlutar nú rannsóknarleyfum út frá jafningjamati á samkeppnisgrundvelli. Auk þess sem hefur hún unnið að endurskoðun gæðakerfis LHÍ vegna rannsókna og nýsköpunar. Jafnframt var efnt til fyrstu stöðu rannsóknaprófessors í sögu skólans vorið 2017, en um slíkar stöður er gerður samingur til eins árs.

V. Vinna við mótun nýrrar stefnu Listaháskóla Íslands hófst í ársbyrjun 2017. Markmiðið var að ljúka stefnumótunarvinnunni á því ári og kynna nýja stefnu í ársbyrjun 2018. Stofnun nefndar mennta- og menningarmálaráðherra um bæði bráðavandann og framtíðarsýnina, skapaði nokkra óvissu í stefnumótunarferlinu þar sem vænta mátti lausna sem stefnumótunin þyrfti óhjákvæmilega að taka mið af. Því var hægt á vinnunni á síðari hluta ársins. Óvæntar þingkosningar urðu síðan til að hægja enn á ferlinu enda stendur vilji stjórnenda skólans til þess að stefnan endurspegli raunhæfar áætlanir og aðgerðir í öllum veigamiklum málum sem tengjast fjármálaáætlunum ríkisins.

Ferlið við stefnumótunina hefur frá upphafi litast af þátttöku sem allra flestra bæði innan skólans og meðal hagaðila utan hans. Nefndir og ráð skólans unnu að mótun markmiða eftir sínum sérsviðum í janúar. Í febrúar voru lykilmálefni og markmið kynnt á starfsmannafundi og lögð til umræðu. Í mars var opið umræðuþing þar sem fastráðið starfsfólk, fulltrúar nemenda, stjórn LHÍ, fulltrúar hollnema og fulltrúar baklands LHÍ tóku þátt í umræðum um lykilsurningar ásamt völdum hagaðilum. Haustið var síðan nýtt til úrvinnslu þess efnis sem búið var að draga fram á vorönninni, undir stjórn stýrihóps verkefnisins, en síðasti hnykkurinn í stefnumótunarferlinu var færður yfir á vorönn 2018.

Er það von allra sem að þessari vinnu hafa komið að gæðin í sjálfu stefnumótunarferlinu, sem byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum, muni hafa þau mótandi áhrif á stefnu og aðgerðaáætlun þá sem kynnt verður 2018 að hún styrki Listaháskóla Íslands enn frekar sem lykilstofnun í kennsluáferðum og þekkingarsköpun á fræðasviði lista.

VI. Eftir jákvæðan viðsnúning í rekstri Listaháskólans árið 2016 í kjölfar áralangs niðurskurðar reyndist reksturinn árið 2017 standa undir brýnni þörf til að greiða niður neikvætt eigið fé stofnunarinnar. Enn er þó töluvert í land til að vinna á því sem safnast hefur upp í erfiðu rekstrarumhverfi fyrri ára. Starfsfólki Listaháskólans, sem sýnt hefur mikið aðhald í öllu sínu starfi og fagmennsku við þróun fræðasviðsins ber að þakka þeirra hlutdeild í þessum árangri, sem til framtíðar er undirstaða frekari uppbyggingar í skjóli betri fjármögnunar.

Þeim öllum, sem og nemendum, þakka ég ríkulegt framlag til skólans sem og gefandi samtal um hlutverk Listaháskóla Íslands, ekki síst í tengslum við stefnumótunina, sem tekist hefur á við hvaðeina er varðar viðgang og framþróun fræðasviðs lista.

Fríða Björk Ingvarsdóttir

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor



Listaháskólinn útskrifaði í fyrsta sinn hóp meistaranema í sviðslistum haustið 2017.

STJÓRN – RÁÐ – NEFNDIR

Stjórn

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Mennta- og menningarmálaráðherra tilnefnir tvo menn í stjórnina en þeir eru kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórn fundar á 4-6 vikna fresti yfir skólaárið.

Í apríl 2017 gekk Jóhannes Þórðarson úr stjórn og Ólafur Sveinn Gíslason kjörinn fulltrúi Baklands Listaháskólans tók við. Stjórn Listaháskóla Íslands skipa nú: Magnús Ragnarsson, *stjórnarformaður*, Halla Helgadóttir, *varaformaður*, Áslaug María Friðriksdóttir, Ólafur Sveinn Gíslason og Rúnar Óskarsson. Varamenn eru Sindri Páll Sigurðsson, Tinna Lind Gunnarsdóttir og Þuríður Jónsdóttir.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð er samráðsvettvangur helstu stjórnenda skólans, en í framkvæmdaráði sitja rektor, framkvæmdastjóri og deildarforsetar. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Framkvæmdaráð kemur að öllu jöfnu saman vikulega yfir skólaárið.

Fagrád

Fagrád hefur verið starfandi við skólann síðan 2009 en það er samráðsvettvangur um akademísk málefni. Fagráðið kemur saman að öllu jöfnu einu sinni í mánuði. Meðlimir eru ellefu, en deildarforsetar eiga þar nú einn fulltrúa og nemendur tvo. Fagráðið kys sér formann.

Samráðsvettvangur stoðsviða

Samráðsvettvangur stoðsviða er skipaður forstöðumönnum sviða skólans auk rektors og framkvæmdastjóra. Samráðsvettvangurinn fundar einu sinni í mánuði um málefni stoðsviða.

Nemendaráð

Í hverri deild er starfandi nemendafélag sem hefur það hlutverk að sinna málum sem varða hagsmuni nemenda. Nemendaráð Listaháskóla Íslands er skipað formönnum nemendafélaganna. Nemendaráð skipar í nefndir og ráð eftir tilnefningum nemendafélaga. Nemendaráð fundar með rektor reglulega yfir skólaárið.



Forseti Íslands og rektorar allra íslensku háskólanna voru viðstaddir opnun Háskóladagsins í Laugarnesi í mars 2017.

Alþjóðlegt samstarf

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og leggur áherslu á að byggja upp samstarf við háskólastofnanir og fagumhverfi erlendis. Stór hópur nemenda tekur hluta náms síns erlendis og nemendur víðsvegar að stunda nám við Listaháskólann. Skólinn leggur áherslu á að búa nemendur undir að starfa á alþjóðlegum vettvangi, t.a.m. með því að veita tækifæri til námsdvalar erlendis sem hluta af námi. Á hverju ári hljóta um 100 nemendur styrki til skiptináms eða starfsnáms og fer sá hópur stækkanandi. Starfsfólki skólans býðst einnig styrkir til kennaraskipta eða starfsþróunar erlendis. Á skólaárinu 2016-2017 fóru um 50 starfsmenn í slíka dvöl og gert er ráð fyrir að heildarfjöldi styrkja á þessu skólaári verði svipaður eða hærri. Skólinn hefur einnig hlotið styrki til að bjóða til sín fjölda erlendra gestakennara úr fagumhverfinu. Markmið styrkjanna er að auka tengsl háskóla og fagvettvangs með það að leiðarljósi að þróun náms taki í auknum mæli mið af þörfum atvinnulífsins og samfélagsins. Með þátttöku í norrænum samstarfsnetum og alþjóðlegum verkefnum vex tengslanet skólans en þar gegna menntaáætlanir Erasmus+ og Nordplus veigamiklu hlutverki.

Listaháskólinn hlaut tvær tilnefningar af þremur til gæðaviðurkenninga í flokki háskóla, á 30 ára afmælishátíð Erasmus+ sem fram fór í Hörpu í nóvember s.l. Tilnefningarnar voru annars vegar fyrir nemenda- og starfsmannaskipti og fyrir samstarfsverkefnið NAIP Innovation in European Higher Music Education hins vegar. Gæðaviðurkenningin féll í skaut NAIP verkefnisins en Listaháskólinn hlaut styrk til að leiða samstarf níu evrópskra tónlistarháskóla með það að markmiði að þróa námsefni fyrir tónlistarkennslu á háskólastigi og aðlaga það að hlutverki tónlistarmanna nútímans. Verkefnið er á lista yfir fyrirmyndarverkefni sem ESB framkvæmdastjórnin birtir upplýsingar um á vefsíðu sinni. Um verkefnaniðurstöður segir m.a. að verkefnið sé nýskapandi og mikilvægt í samhengi klassískrar tónlistarmenntunar, það hafi opnað á nýjar aðferðir í þjálfun nemenda og þróun námsumhverfis sem oft á tíðum er byggt á gömlum hefðum og aðferðum. Verkefnið er jafnframt talið hafa skapað ný tækifæri í alþjóðlegri samvinnu nemenda.

Þátttaka í Erasmus+ samstarfsverkefnum hefur fært skólanum dýrmæta þekkingu og reynslu í þróun náms og kennslu, og útkoma þessara verkefna sýnir enn fremur að Listaháskólinn hefur alla burði til að leiða slík verkefni á alþjóðavísu.

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta Listaháskólans er með starfsemi í tveimur af þremur byggingum skólans; í Þverholti má finna safnkost hönnunar- og arkitektúrdeildar, sviðslistadeildar og tónlistardeildar og í Laugarnesi má finna safnkost myndlistardeildar og listkennsludeildar. Öll starfsemi bókasafnsins fer fram í samstarfi við deildir skólans og er þróuð fyrir ólík námsstig. Bókasafn tónlistardeildar nýtur þeirrar sérstöðu að njóta fjárhagslegs stuðnings úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen en stjórn sjóðsins stýrir vali á innkaupum.

Þungamiðja starfseminnar hverfist einkum um uppbyggingu og skráningu safnkosts með hliðsjón af þörfum deilda og námsbrauta og aðfangastefnu safnsins. Einnig leggur safnið áherslu á að veita nemendum og kennurum aðgang að hverskyns upplýsingum sem þau vanhagar um með því að bjóða upp á tímaritaáskriftir og rafræn gagnasöfn sem hæfa fræðasviðum skólans, enn fremur með því að standa fyrir millisafnalánum sem veita lánþegum aðgang að efni sem tilheyrir öðrum bókasöfnum, innanlands sem utan. Að auki geta lánþegar leitað til safnsins eftir kennslu í upplýsingalæsi og aðstoð við heimildaleit.



Frá húsnæðisþingi Listaháskólans í nóvember 2017.

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta hefur að auki umsjón með gæðum skráninga lokaverkefna nemenda skólans í varðveislusafnið Skemmuna.

Bæði útibú safnsins eru opin á virkum dögum, auk þess sem að útibúið í Þverholti er opið nemendum og starfsfólki skólans á laugardagseftirmiðdögum á meðan á skólastarfi stendur.

Námsþjónusta

Námsþjónusta hefur það meginhlutverk að sjá um sameiginleg málefni sem tengjast námi nemenda. Námsstjóri, deildarfulltrúar, þjónustufulltrúar og móttökufulltrúi vinna í nemendaþjónustunni og sjá um mörg miðlæg verkefni eins og umsóknar- og inntökufærli, skráningar, stundaskrá, nemendaskírteini og útskriftargögn. Einnig annast náms-stjóri ýmis mál sem tengjast stjórnarsýslu skólans og gæðamálum svo sem endurskoðun og útgáfu skóladagatala, mat á fyrra námi og þróunarvinnu á nemendabókhalda- og kennsluvef skólans.

Náms- og starfsráðgjafi starfar innan námsþjónustunnar og hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi.

Gæði, kennsla og rannsóknir

Á almanaksárinu 2017 var hið nýja svið þróað enn frekar og það aðlagð að umlykjandi stjórnskipulagi skólans. Undir sviðið heyrir umsýsla og stjórnun rannsókna, kennslu og gæðamála. Í því felst framkvæmd og úrvinnsla innri kannana um gæði náms og kennslu, mótun og innleiðing verkferla, söfnun lykiltalna, framkvæmd og eftirfylgni kennslumats, umsjón með birtingu kennsluskrár á vef, skólareglur, innra mat rannsóknarfraksturs, útgáfumál, sem og umsjón með Opna listaháskólanum. Þá er veigamikill þáttur í starfi sviðsins innleiðing nýrrar rammaáætlunar um eflingu gæða í íslensku háskólastarfi, og reglubundin framkvæmd innra mats á öllum þáttum einstakra deilda. Þá hefur sviðið umsjón með framkvæmd árlegrar ráðstefnu skólans um rannsóknir á fræðasviði lista, Hugarflug, sem haldin var í sjötta sinn í mars með góðri þátttöku nemenda, kennara og hagaðila úr fagvettvangi.

Árið bar með sér velgengni starfsmanna og nemenda í opinberum innlendum samkeppnissjóðum. Sendar voru 5 umsóknir í Rannsóknasjóð, sem metnar voru í nýju fagraði hugvísinda og lista við sjóðinn. Fékk ein þeirra veglegan rannsóknastyrk að upphæð 16 milljónir króna, undir verkefnisstjórn Guðmundar Odds Magnússonar, rannsóknarprofessors við skólann. Verkefnið ber yfirskriftina *Sjónarfur í samhengi: notkun myndmáls í prentsögu Íslands frá 1844–1944*, og miðar að því að greina áhrif prenttækni og grafískrar hönnunar á myndmál. Í verkefninu eru áhrif myndmáls rannsókuð og áhrif myndmáls á samfélagslega

þætti eins og þjóðareinkenni, sjálfstæðisbaráttu og stofnun lýðveldis skoðuð. Rannsóknin er samvinnu- verkefni Listaháskóla Íslands, Landsbókasafns Íslands–Háskólabókasafns og Hönnunarsafns Íslands.

Þá fékkst einnig styrkur úr Innviðasjóði til uppbyggingar rannsóknarinnviða skólans. Um er að ræða vél- og hugbúnað sem hýsa mun rannsóknargögn á sviði lista og hönnunar, og geta þau verið sjónræn, hljóðræn eða bundin í texta. Búnaðurinn nýtist til að safna frumheimildum á sviði lista og hönnunar á kerfisbundinn hátt, skipuleggja þær og flokka í mótað kerfi, varðveita þær á stafrænan hátt og veita rannsakendum aðgengi að þeim. Þannig mun búnaðurinn veita rannsakendum við skólann mögu- leika á að skipuleggja gögn og aðrar frumheimildir á þann hátt sem nauðsynlegt er til að greining, úrvinnsla og þekkingarsköpun geti átt sér stað.

Listirnar nutu einnig velgengni í Nýsköpunarsjóði námsmanna, en alls var 9 verkefnastyrkjum úthlutað til 15 nemenda Listaháskólans. Þá var verkefnið *Hulda: hljóð- og ljósskúlpúr* tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands, sem unnið var af Lilju Maríu Ásmundsdóttur, tónsmíðanema, undir handleiðslu Berglindar Maríu Tómasdóttur, dósentis við tónlistardeild, og Jóns Marinós Jónssonar, fiðlusmiðs.

Allir þessir styrkir eru opinber viðurkenning á því rannsóknastarfi sem nemendur og kennarar stunda við skólann og halda áfram að ryðja brautina fyrir listrannsóknir innan fræðasamfélagsins hér á landi.

Innri styrktarsjóðir til rannsóknastarfs eru Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna og Útgáfusjóður, en alls var úthlutað 2,5 milljónum króna til starfsmanna. Þá hlutu tveir starfsmenn rannsóknaleyfi á árinu.

Áfram var haldið innleiðingu nýs innra matskerfis á afrakstri rannsókna og nýsköpunar, en áætlað er að þróunarvinnunni ljúki snemma á árinu 2018.

Kynningarmál

Að mörgu leyti eru verkefni kynningarsviðs Listaháskóla Íslands í föstum skorðum en engu að síður eru þau í stöðugri þróun og endurskoðun.

Fastir punktar í kynningarstarfi skólans eru t.a.m. útskriftarhátíð, útskrift, heimsóknir í framhalds- skóla, þátttaka í Háskóladeginum og heimsóknir út á land í kjölfar hans. Opinn dagur er haldinn árlega auk þess sem skólinn er ávallt opinn fyrir áhugasömum hópum sem hann vilja heimsækja.

Þegar litið er yfir árið 2017 standa uppúr verkefni sem höfðu í sér breiðan samnefnara innan sem utan skólans. Í október unnu bæði nemendur og starfs-fólk saman að átaki til að kynna bága húsnæðisstöðu skólans. Allir stjórnarálflokkar voru heimsóttir í aðdraganda kosninga og þeim kynnt staða skólans undir formerkjunum „*Undir einu þaki 2024*“. Herferðin fékk góðan hljómgrunn í samfélaginu og ljóst er að hagsmunir skólans brenna mörgum fyrir brjósti.

Haustið 2017 var haldinn fjölmennur fundur listgreinakennara að frumkvæði Listaháskólans.

Listgreinakennarar í framhaldsskólum og starfsfólk Listaháskólans ræddu listnám út frá nemandanum og deildu reynslu sinni af þessum skólastigum. Samtal hópanna er mikilvægt og eflir gæði listnáms á báðum skólastigum. Sameiginlegir hagsmunir hópanna eru miklir þar með talið virðing og vegsemd listnáms í samfélaginu á öllum skólastigum.

Að kynningarmálum koma margir starfsmenn innan skólans og frá öllum deildum og sviðum. Á árinu 2017 var samstarf kynningarstjóra og verkefnastjóra eflt og starfar hópurinn nú sem samráðshópur um kynningarmál og fundar vegna þessa tvisvar í mánuði.

Að verkefnum kynningarsviðs koma auk þess nemendur úr hönnunar- og arkitektúrdeild sem sinna ljósmyndun og gerð veggspjalda og efnisskráa.

Leiðarjós kynningarsviðs er að móta vettvanga sem nýtast þvert á skólann óháð hvað kynnt er sem og að skapa leiðir og ferla sem nýtast öllum. Framundan er áframhaldandi stefnumótun teymis kynningarmála á árinu 2018.

Mannauðsstjórnun

Við stofnun stöðu mannauðsstjóra í janúar 2015 var í fyrstu lögð megináhersla á mótun starfsins og endurskoðun ferla sem það varðar. Árið 2017 var starfið orðið nokkuð fastmótað og mætti lýsa starfseminni sem hefðbundinni að mestu leiti þar sem nýráðningar, framgangsmál, starfsþróun og kannanir einkenndu starfsemina helst.

Ein staða var auglýst laus til umsókna og var þar um að ræða stöðu háskólakennara í grafískri hönnun. Sjö sóttu um stöðuna og lauk ferlinu með ráðningu lektors.

Sex akademískir starfsmenn hlutu framgang í starfi. Þrír starfsmenn tónlistardeildar hlutu framgang, tveir úr stöðu aðjúkts í stöðu prófessors og einn úr stöðu aðjúkts í stöðu dósentis. Þá hlutu tveir starfsmenn hönnunar- og arkitektúrdeildar framgang í starfi báðir úr stöðu aðjúkts í stöðu lektors. Einn starfsmaður listkennsludeildar hlaut framgang í starfi úr stöðu aðjúkts í stöðu lektors.

Tvívegis var auglýst eftir umsóknum um styrki úr starfsþróunarsjóði stoðsviða. Alls bárust sjöðnum fimm umsóknir og voru þrjár þeirra samþykktar.

Árleg viðhorfskönnun sýnir stöðugleika milli ára. Þeir þættir sem mælast neikvætt varða enn álag, starfskjör, húsnæði og aðstöðu. Greina má lítillega aukna ánægju með húsnæði en tónlistardeild flutti undir haust úr Sölvhólsgötu 13 í Skipholt 31.

Könnunin birtir jákvætt viðhorf gagnvart þátttöku í stefnumótun, stuðningi og stjórnun, starfsanda, sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, upplýsingamiðlun, starfsþróun, jafnrétti og ánægju og stolti af vinnustaðnum. Þátttaka í stefnumótandi starfi mældist mjög jákvæð sem tengja má því að nýlega er yfirstaðið umfangsmikið ferli stefnumótunar sem starfsfólki gafst kostur á mikilli aðkomu að.

#metoo-byltingin var í hámmæli undir lok árs og fór Listaháskólinn ekki varhluta af því. Stjórnendur brugðust við af festu og fór af stað endurskoðun á viðbragðsáætlun skólans, mótun viðbragðsteymis auk fjölmargra aðgerða sem lúta að því að breyta menningarlegum viðhorfum. Viðbrögð og aðgerðir voru opinberar og birtar á heimasíðu skólans. Meginþætti viðbragðsáætlunar LHÍ má sjá hér að neðan.

Viðbragðsáætlun við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi

Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi er með öllu óheimil af hálfu starfsfólks og nemenda Listaháskóla Íslands og fortakslaust bönnuð í allri starfsemi skólans. Áreitni og ofbeldi verður hvorki þaggað niður né umborið undir neinum kringumstæðum.

Við meðferð mála er skipað viðbragðsteymi þriggja aðila. Formaður teymisins skal hafa fagþekkingu og reynslu af meðferð slíkra mála. Teymið vinnur eftir viðbragðsáætlun skólans og samkvæmt þeim skilgreiningum um kynbundna áreitni, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegu ofbeldi sem þar koma fram. Teymið tekur við tilkynningum, rannsakar brot og leggur til aðgerðir eftir því sem við á.

Fyrsta skrefið í rannsóknarskyldu teymisins er fólgið í því að bjóða þeim er tilkynnir brotið til fundar. Teyminu ber jafnframt skylda til að bjóða hinum tilkynnta til fundar og kanna afstöðu hans.

Að því loknu metur teymið hvort að málið verði tekið til formlegrar meðferðar. Til formlegrar meðferðar telst að málið sé kannað til hlítar með samtölum við alla aðila þess, samstarfsfólk, samnemendur og/eða aðra sem til málsins þekkja að einhverju leiti.

Niðurstaða er tilkynnt aðilum málsins, stjórnanda viðkomandi deildar/sviðs og rektor með skriflegum hætti.

ÖMKVÖRNIN




NEMENDUR

Alls voru 437 virkir nemendur við nám í Listaháskólanum í október 2017, 307 konur og 160 karlar. Nemendur í bakkalárnámi voru 347 og 90 í meistaranámi.

Vorið 2017 bárust 351 umsóknir um nám við skólann. Umsóknir voru færri en árið áður vegna þess að ekki var opið fyrir umsóknir í bakkalárnám í sviðslistadeild. Um haustið hófu 149 nýnemar nám og inntökuhlutfallið því 42% heilt yfir skólann. Á árinu útskrifuðust 143 nemendur.





Endurkomuhlutfall nemenda var 84% en það er reiknað út frá fjölda nemenda sem hófu nám haustið 2016 og fjölda þeirra sem skilaði sér á annað ár haustið 2017.



Hópur útskriftarnemenda í júní 2017.

STARFSFÓLK

Árið 2017 voru fastráðnir starfsmenn á launaskrá skólans alls 124 í 86,9 stöðugildum, 71 kona og 53 karlar. Stöðugildi stundakennara á árinu voru 24 en þau eru reiknuð út frá klukkustundum. Höfðatala stundakennara var um 400 á árinu 2016. Auk þeirra komu fjölmargir gestir, leiðbeinendur lokaverkefna, prófdómarar og fyrirlesarar að verkefnum fyrir skólann.



FJÁRMÁL

Heildartekjur Listaháskóla Íslands á almanaksárinu 2017 voru 1.372 milljónir króna og jukust um 200 milljónir frá árinu áður. Mestu munaði um aukið framlag ríkisins, 1.089 milljónir á móti 911 milljónum 2016, auk þess sem 236 milljónir komu inn vegna skólagjalda og aðrar tekjur voru 47 milljónir.

Rekstrargjöld voru 1.268 milljónir króna; þar af voru laun 861 milljónir, húsnæðiskostnaður 261 milljónir og annar rekstrarkostnaður 128 milljónir. Afskriftir voru 18 milljónir og fjármagnsliðir skiluðu 5,4 millj. Rekstrarafgangur 2017 nam því 109,5 milljónum króna en bókfært eigið fé er neikvætt um 73 milljónir.

Þessi jákvæða afkoma er að mestu til komin af því að í fjárlögum 2017 var skólanum úthlutað viðbótarfjármagni, 110 milljónum króna, sem ætlað var að bæta neikvæða eiginfjárstöðu, styrkja innviði og til að standa straum af kostnaði við flutning tónlistardeildar frá Sölvhólsstöðu í Skipholt. Sterk staða alþjóðlegra styrktarsjóða sem Listaháskólinn annast tímabundið (KUNO og Nortéas td.) á einnig sinn þátt í rekstrarafgangi. Hagræðingaræðgerðir sem gripið var til vorið 2016, en þá hætti skólinn rekstri mótuneyta, bókasöfn voru sameinuð og endursamið var um leigu og ræstingu húsnæðis skiluðu sér að fullu á árinu 2017.

Rekstrarreikningur ársins 2017

Rekstrartekjur

Framlag ríkissjóðs	1.088.900.000
Skólagjöld	236.371.618
Aðrar tekjur	46.771.499
	1.372.043.117


Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	(861.232.395)
Húsnæðiskostnaður	(260.581.080)
Annar rekstrarkostnaður	(127.941.989)
Afskriftir	(18.445.394)
	(1.267.941.989)

Rekstrarafkoma **104.101.128**


Fjármunatekjur	1.534.022
Fjármagnsgjöld	(2.939.314)
Gengismunur	6.787.800
Afkoma ársins	109.483.636

Þrátt fyrir jákvæða afkomu ársins er eigið fé skólans enn neikvætt um 73 milljónir króna. Betur má ef duga skal – en í áætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 30 millj. kr. rekstrarafgangi.



Mynd 5.

Heldur saxaðist á neikvætt eigið fé skólans 2017.



Mynd 6.

Hér má sjá hlutfallslega skiptingu útgjaldaliða skólans árin 2013 og 2017. Hlutfallstala húsnæðiskostnaðar Listaháskólans er með því hæsta sem þekkt innan íslenskra háskóla. Aðhald og niðurskurður fer að mestu fram innan geirans „Annar rekstrarkostnaður“ þar sem húsnæðis- og launakostnaður eru nokkuð fastir liðir og erfiðara við þá að eiga.



Í aðdraganda alþingiskosninganna haustið 2017 gengu fulltrúar nemenda og starfsfólks á fund frambjódenda flokkanna og kröfðust aðgerða í húsnæðismálum skólans á táknrænan hátt.